

**Ed.**

## **865. Frumvarp til laga**

um fiskimálasjóð.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

### **1. gr.**

Stjórn fiskimálasjóðs er skipuð 5 mönnum. Þeir skulu kjörnir hlutfallskosningum í sameinuðu Alþingi, ásamt jafnmörgum varamönnum, til þriggja ára í senn. Stjórnin kys sér sjálf formann.

Ráðherra getur falið stjórn fiskimálasjóðs þau verkefni, sem fiskimálanefnd hafði með höndum, og framkvæmd annarra mála, er sjávarútveginn varða, eftir því sem henta þykir.

### **2. gr.**

Tekjur fiskimálasjóðs eru þessar:

1. Eignir fiskimálasjóðs, er starfað hefur samkvæmt lögum um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., nr. 75 31. des. 1937.
2. Útflutningsgjald af sjávarafurðum, öðrun en saltaðri sild, er nemi  $\frac{1}{2}\%$  — hálfum af hundraði — af verðmæti þeirra miðað við fob. verð. Þó getur ríkisstjórnin ákveðið að undanskilja þessu gjaldi fisk og fiskafurðir, sem sendar eru til útlanda í tilraunaskyni.
3. Árlegt framlag úr ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum, þó eigi undir kr. 500000.00 á ári næstu 10 árin frá gildistöku laga þessara.
4. Vextir og aðrar tekjur af eignum sjóðsins.  
Heimilt er stjórn fiskimálasjóðs með samþykki ríkisstjórnarinnar að taka allt að 10 milljón króna lán til starfsemi sjóðsins. Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán þetta fyrir hönd ríkissjóðs.

### **3. gr.**

Fé fiskimálasjóðs skal verja til eflingar sjávarútvegi á þann hátt, er segir í 4. og 5. gr. þessara laga.

### **4. gr.**

Fiskimálasjóður veitir styrki til:

- a. Hafrannsóknna.
- b. Rannsóknna á fiskigöngum og fiskistofnum.
- c. Tilrauna til að veiða með nýjum aðferðum eða nýjum veiðarfærum.
- d. Tilrauna við verkun og vinnslu sjávarafurða.
- e. Markaðsleita fyrir sjávarafurðir.
- f. Annarra rannsókna og nýjunga í þarfir sjávarútvegsins.  
Öll styrktarstarfsemi sjóðsins skal vera í samráði við ríkisstjórnina.

### **5. gr.**

Fiskimálasjóður má veita viðbótarlán gegn síðari veðrétti til stofnunar alls konar fyrirtækja, er horfa til eflingar fiskveiðum og hagnýtingu sjávarafurða, og séu lán þessi einkum veitt til þeirra staða, þar sem er tilfinnanleg vöntun slíkra fyrirtækja, en lítið fjármagn fyrir hendi. Hvert þessara lána má ekki fara fram úr 25% af stofnkostnaði fyrirtækisins og ekki að viðbættum lánum með betra veðrétti nema meiru en 85% af stofnkostnaði. Engin lánveiting má nema yfir 150 000 kr. Lánskjörin séu þau sömu og hjá Fiskveiðasjóði Íslands.

### **6. gr.**

Með lögum þessum eru numin úr gildi lög nr. 75 31. desember 1937, um fiskimálanefnd, útflutning á fiski, hagnýtingu markaða o. fl., lög nr. 48 1940, um breyting á þeim lögum, sem og önnur lagaákvæði, er koma í bág við lög þessi.

### **7. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.